

1873.
13. ágúst. nákvæmar yfirvegað, hvort og að hve miklu leyti það verði gjört, að láta eftir ósk yðar um, að fá almenna heimild til að úrskurða um fyrnefndar bænarskrár um afgjaldslækkun, einkanlega án þess að gjöra breytingu á erindisbræfinu, sem er svo nýlega gefið út, og þá á atriði, sem ekki er mjög áriðandi.

13. ágúst. **71. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um byggingu fangelsa í norður- og austurumdæminu og vesturumdæminu.**

Eftir að þér, herra landshöfðingi, sem páverandi stiptamtmaður, í bræfi 5. júlí f. á. höfðu látið uppi álit yðar um fyrirkomulag og stærð þeirra fangelsa, sem byggja skal í vesturumdæminu og norður- og austurumdæminu, hefir timburmeistari *Klentz* eftir áskorun dómsmálastjórnarinnar, sem hefir borið sig saman við forstjóra fangelsisstjórnarinnar, búið til tvær áætlanir, sem fylgja með bræfi þessu, um byggingu fangelsishúsa á borð við þau, sem þegar voru nefnd, og um kostnaðinn við þau, o. s. frv.; þykist hann geta byggt annað fangelsið, eftir áætlun þeirri, sem merkt er A., fyrir 3,805 rd. 64 sk., og hitt fyrir 3,819 rd. 26 sk. eftir áætlun þeirri, sem táknuð er með stafnum B.; skuli í hvorju fangelsi vera 4 klefar sömu stærðar og klefarnir í hegningarhúsinu í Reykjavík, varðstofa handa þeim manni, sem fyrir hönd sýslumanns, þegar svo ber undir, á að hafa sjálfa umsjónina með föngunum, rúm til eldiviðar og áhalda, og þar að auki fangagardar með kömrum. Um áætlanir þessar leitaði stjórnarráðið álíta hlutaðeigandi amtmanna¹⁾, en kaus heldur fyrir sitt leyti áætlun þá, sem merkt er A., með því fangelsisklefarnir samkvæmt henni liggja að öllu leyti sèr, — en það þykir þeim

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 530.

1873.

13. ágúst.

mun fremur áriðandi, sem búast má við, að umsjónin verði eigi svo tryggjandi, sem æskilegt væri í sjálfu sér; samt var stjórnarráðið í nokkrum efa um, hvort byggingarlag það, sem stungið var uppá, væri hagfelld eptir loftslagi á Íslandi — en samkvæmt því yrði þrír veggir á klefunum útveggir — og hvort komizt yrði að öllu leyti hjá annmörkum þeim, sem búast má við í þessu tilliti, með því, að veggirnir yrði hafðir tvöfaldir og látið papp ámilli, eins og timburmeistari *Klentz* hafði stungið uppá og álatið fullkomlega tryggjandi, en það væri sjálfsagt, að í hvern klefa skyldi settur ofn. Að endingu spurði stjórnarráðið hlutaðeigandi amtmenn að, hvort þeir væri vissir um, að íslenskir handiðnamenn að öllu leyti væri vel færir um að byggja fangelsin, og hvort spara mætti með því fê, svo nokkru munaði.

Amtmaðurinn í norður- og austurumdæminu, Kristján Christjansson, hefir síðan, eins og þér munuð sjá af meðfylgjanda bræfi með fylgiskjölum, ráðið frá, að fangelsin í þessu umdæmi verði byggð eptir þeim uppdrætti eptir *Klentz*, sem markaður er með stafnum A., með því eigi mundi verða komizt hjá annmarka þeim, sem getið er um að framan, með því fyrirkomulagi, sem stungið er uppá, og svo vegna þess, að hætt væri við, að fangelsisgarðarnir mundu fyllast af snjó, en í hlákum gæti húsin af því orðið fyrir skemmdum. Jafnframt er hann á því, að íslenskir handiðnamenn byggji fangelsin, og mun það falla landsmönnum bezt í geð; að því leyti, er snertir fangelsið á Akureyri, — en það er í ráði, að byggja við það þinghús handa bænum, og er bæjarstjórnin fús til að skjóta til þess 500 rd. —, hefir amtmaður sent uppdrátt eptir timburmeistara Jón Stefánsson af fangelsi með súðlopti handa þinghúsinu, og er sú bygging í öllu verulegu sniðin eptir þeim uppdrætti eptir *Klentz*, sem markaður er með stafnum B., en þó er stungið uppá því, að veggirnir verði hafðir úr bindingi af múr og timbri, í stað þess að byggja húsið allt úr timbri, með því þá yrði hægara að koma við aðgjörðum, sem optsinnis er þörf á, loftslagsins vegna, og hefir Jón Stefánsson boðizt til að byggja fangelsið fyrir 4,197 rd.

1873.

13. ágúst.

62 sk. Með því samt sem áður ýmsir annmarkar voru á uppdrættinum, — einkanlega sá, að stiginn upp á loptið liggur upp í þingstofuna, og að eigi er neitt forherbergi á loptinu, leitaði amtmaður Kristján Christjansson álits umboðsmanns og snikkarameistara Þorsteins Daníelssonar um húsabyggingu þessa, og hefir hann boðizt til að byggja fangelsi, sem ekki hafi fyrnefnda annmarka, fyrir 4,050 rd.; er það að öðru leyti samkvæmt uppdrætti Jóns Stefánssonar, og er samt sá munur á, að húsið verði allf tvíloftað, í stað þess að hafa súðloft, sem örðugt er að gjöra svo, að fullkomlega þétt sè, og yrði byggingin þá rammbyggleiri; enn fremur hefir Þorsteinn Daníelsson stungið uppá, að á þakið verði lögð borð, í stað þess að þekja með þakpappi. Amtmaðurinn stingur síðan uppá, að Þorsteini Daníelssyni verði falið á hendur að byggja fangelsið á Akureyri samkvæmt uppástungu þeirri, sem hann hefir gjört. Að því leyti, er snertir hin fangelsin í norður- og austurumdæminu (í Húsavík og á Eskifirði) er stungið uppá, að frestað verði að byggja þau, þangað til reynzt hefir, hvernig gengur að koma upp fangelsinu á Akureyri.

Amtmaðurinn yfir vesturumdæminu alitur aptur á móti, eins og þér munuð sjá af meðfylgjanda brèfi, að byggingarlagið eptir hinum uppdrættinum, sem stjórnarráðið hefir mælt fram með, sè hagfellt, og heldur hann ekki, að veðráttta verði því til fyrirstöðu í nokkru tilliti; þar að auki ræður hann frá, að láta íslenzka handiðnamenn byggja hús.

Um leið og vèr tilkynnum yður þetta, herra landshöfðingi, mælumst vèr til, að þér annist um, að snikkarameistara Þorsteini Daníelssyni verði boðið að byggja fangelsi og þinghús á Akureyri að sumri fyrir ákveðið kaup, sem samkvæmt brèfi hans til norður- og austuramtsins 27. janúar þ. á. er talið 4,050 rd., og þarè Þorsteinn Daníelsson eigi hefir sent uppdrátt með uppástungu sinni, látum vèr með þessu brèfi voru fylgja uppdrátt af byggingunni, sem timburmeistari *Klentz* hefir gjört eptir áætlun Þorsteins Daníelssonar, en eptir því verður byggingin höfð á þá leið, að fangelsisstofurnar, eins og gjört er á uppdrætti *Klentz's*, verða hafðar á loptinu, í stað þess að hafa þær niðri. En að

1873.

13. ágúst.

Því leyti, sem áætlun *Klentz's* er frábrugðin uppástungu Þorsteins Daníelssonar í því, að ætlaðt er til, að þakið verði hellubak, en eigi borð, og að hafður verði milli þiljanna múr úr steini og kalki, en eigi torf, verðum vèr að láta þær breytingar koma til nákvæmari yfirvegunar og úrskurðar, eptir að þèr hafið borið yður saman um það við reynda menn á Íslandi, með því dóms-málastjórnin eigi getur dæmt um, hvort þessar breytingar sè að öllu leyti betri, og hvort hægt sè að koma þeim við, og þá, hvernig svo sem á stendur, án mjög mikils kostnaðar. Ef breytingar þessar þykja samt æskilegar, og Þorsteinn Daníelsson þá kann að heimta meira fyrir að koma upp húsinu, en hann hefir boðið til að byggja fyrir áður, felum vèr yður vald til þess að ganga að því, þótt hann heimti eitt eða tvö hundruð dali meira. Ef Þorsteinn Daníelsson eigi vill taka að sèr þetta verk með þeim skilyrðum, sem drepíð er á, skal bjóða mönnum til að takast á hendur að byggja fangelsið samkvæmt því, sem sagt er að framan, fyrir ákveðið kaup, og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki boð, sem fram kann að koma. Að því, er snertir hin fangelsin í norður- og austurumdæminu, látum vèr það koma undir nákvæmari yfirvegun yðar, hvort ætlaðt megi til, að íslenzkir handiðnamenn eins vel geti byggt hús þessi bæði fyrir norðan og austan og á vesturlandi, og ef þèr álitíð að svo sè, mælumst vèr til að þèr látið bjóða mönnum á Íslandi til, að takast á hendur að byggja hús þessi að sumri, en það skal komið undir ákvörðun stjórnarráðsins, hvort þeim boðum, sem fram kunna að koma, verður tekið. Fangelsin fyrir norðan og austan skulu byggð samkvæmt þeim upprætti *Klentz's* sem táknður er með stafnum B., en það þykir samt réttast, að fangelsin verði byggð upp úr bindingi af timbri og tigulsteini, á sama hátt sem fangelsið á Akureyri, og hafður einn garður, eins- og gjört er á upprætti *Klentz's* af tæðu fangelsi, en það verðum vèr að láta koma undir úrskurð yðar, hvort breytingar þær við fangelsið á Akureyri, sem stungið er uppá, skuli teknar til greina við byggingu hinna tveggja fangelsanna í norður- og austurumdæminu. Fangelsin í vesturumdæminu skal byggja eptir

1873.

13. ágúst.

byggingarlagi því, sem stjórnarráðinu fèll betur í geð, eptir uppdrættinum A.; samt verðum vèr, að láta það vera komið undir yður, að ákveða, er þèr hafið borið yður saman um það við reynda menn, úr hverju þakið skuli vera, og hvort húsið skuli byggt úr timbri einu, eða úr bindingi af múr og timbri, og þá hvað láta skuli milli þiljanna. Yfirhöfuð verðið þèr að gæta þess, bæði þá er þorsteini Daníelssyni verður boðið, að taka að sèr byggingu fangelsisins á Akureyri, og eins þegar hinar fangelsisbyggingarnar verða boðnar upp, að setja nákvæmari skilyrði að því leyti, er snertir tímann, er byggingin eigi að vera búin, og tiltaka bætur ef það dregst, og enn fremur gjöra ákvörðun um borgun kaupsins, en stjórnarráðið mun eigi verða því mótfallið, að það greiðist smásaman eptir því sem lokið verður af við bygginguna; samt skal að minnsta kosti halda eptir helmingnum af kaupinu, þangað til verkið er af hendi leyst og tekið gilt eptir skoðun; enn fremur verðið þèr að heimta veð til tryggingar því, að verkið verði af hendi leyst sem vera ber, og vísun vèr yður í því tilliti til samnings þess, sem gjörður var við timburmeistara *Klentz* um byggingu hegningarhússins í Reykjavík, og sem vèr sendum stiptamtmanninum yfir Íslandi eptirrit af með bræfi, dagsettu 18. maí f. á.; þar að auki verður að segja þeim, sem í hlut eiga, til um það, að með því þeir hafi tekizt á hendur verkið fyrir ákveðið kaup, verði þeir sjálfir að sjá um og ábyrgjast eigi að eins, að það verði tilbærilega af hendi leyst, heldur einnig að efnið verði útvegað og flutt að. Að endingu mælumst vèr til, að þèr sjáið um, að flýtt verði svo fyrir þessu máli, að stjórnarráðið geti með síðasta skipi í haust, ef unnt er, fengið vitneskju um, hvernig farið hefir, eða þá með fyrsta skipi á næsta ári.